

Dyslexía sem náðargáfa

Eftirfarandi viðhorf til leshamlaðra nemenda má finna í bók Ron Davis *Náðargáfan lesblinda* á ensku *The Gift of Dyslexia*. Ron Davis er sjálfur með alvarlega dyslexíu en það uppgötvaðist ekki fyrr en hann var á fertugsaldri, nánar tiltekið 38 ára. Fram til þess tíma hafði hann alltaf samþykkt þann úrskurð að hann væri andlega vanþroska þrátt fyrir að hann mældist með greindarvísitöluna (IQ) 160. Hann skildi að hann gat ekki lært að lesa og skrifa nema með miklum erfiðleikum vegna þess að það var eitthvað að heilastarfseminni.

Sértæk leshömlun kemur fram í ólíkum myndum hjá einstaklingum. Það telur Ron Davis vera vegna þess að hver einstaklingur býr yfir sérstökum hæfileikum og er mótaður af þeim svo og umhverfinu og óheppilegri námsreynslu.

Einstaklingurinn þroskar með sér dyslexíu að mati Davis. Sumir einstaklingar fæðast með sérstaka hæfileika að nota þrívíddarskynjun sem efnivið hugsunar. Þessir sérstöku hæfileikar einstaklingsins að nota sjónrænar myndir sem uppbyggingu hugsunar nýtast vel þegar raunverulegir hlutir eru skoðaðir en ekki þegar fengist er við rittákn eins og bókstafi. Bókstafi er ekki hægt að skynja í þrívídd. Einstaklingurinn verður ruglaður og áttavilltur strax á fyrsta ári í skóla. Hann upplifir streitu og hömlun við tilraunir sínar að vinna með rittáknin og finnur ýmsar aðferðir til að fela námserfiðleika sína, lærir t.d. texta utan að. Börn geta stundum talið öðrum trú um að þau séu læs vegna þess að þau kunna einstaka bækur utan að. Þau vilja ekki lesa upphátt nema þau fái að velja lestrarefnið sjálf. Þetta er túlkað sem sérvíska eða þrjóska en ekki grunar fullorðna að það sé vegna þess að barnið kann ekki að lesa. Að sjálfsögðu gengur ekki slíkur feluleikur til lengdar.

Ron Davis bendir á að þrívíddar-hugsun (notuð eru öll skynfæri) sé miklu hraðvirkari en hugsun í orðum. Einstaklingar sem hafa einkenni dyslexíu eru forvitnari, meira skapandi og líklegri að beita innsæishugsun en almennt

gerist. Þeir eru gjarnan meðvitaðir um umhverfi sitt, uppfinningasamir og góðir að leysa áþreifanleg verkefni. Þegar þeir hafa náð valdi á einhverju, skilja þeir það af svo mikilli dýpt að þeir geta leyst svipuð verkefni með innsæi, þurfa ekki að hugsa sig um við lausnina.

Í bók Davis *Náðargáfan lesblinda (Gift of Dyslexia)* eru leiðbeiningar um hvernig einstaklingar geta lært að einbeita sér með sérstökum æfingum. Nemendur móta einnig bókstafi og orð úr leir. Í bókinni eru æfingar hans vel kynntar.

Davis bendir á að flestir tengi neikvæða þætti við dyslexiu. Þegar þeir heyra orðið hugsa þeir um erfiðleika í lestri, stafsetningu og stærðfræði. Sumir tengja orðið við stafa og orðavíxl, aðrir við hæglæsa nemendur. Flestir tengja orðið við einhvers konar námserfiðleika. Eitt sinn er Davis var gestur í spurningaþætti var hann spurður um hvort eitthvað væri jákvætt við dyslexíu. Hann taldi m.a. upp marga fræga einstaklinga. Stjórnandi þáttarins sagði þá "er það ekki merkilegt að þetta eru allir snillingar þrátt fyrir að vera með dyslexíu?" Hún skildi ekki, að mati Davis, að þessir einstaklingar voru snillingar vegna dyslexíu.

Það verða ekki allir snillingar sem eru með dyslexíueinkenni, en það er gott fyrir sjálfstraustið að vita að heilinn starfar á sama hátt og heili mikilla snillinga. Það er einnig mikilvægt að vera sér meðvitaður um það að þó að illa gangi með lestur, stafsetningu og stærðfræði þýðir það ekki að maður sé heimskur. Það er sams konar hugarstarfsemi sem býr til snillinga og veldur þessum námserfiðleikum.

Samkvæmt Davis er sú hugarstarfsemi, sem orsakar dyslexíu, náðargjöf í orðsins fyllstu merkingu. Þetta er meðfæddur eiginleiki, hæfileiki sem gerir einstaklinginn sérstakan.

Einstaklingar sem eru með dyslexíu þroska ekki allir sama hæfileikann en þeir eiga samt ákveðin sameiginleg einkenni. Þau eru:

1. Þeir geta notfært sér hæfileika heilans að breyta því og skapa það sem er skynjað.
2. Þeir eru sér mjög meðvitaðir um umhverfi sitt.
3. Þeir eru forvitnari en almennt gerist.
4. Þeir hugsa aðallega í myndum í stað orða.
5. Þeir sjá fyrir sér lausnir í huganum eða leysa vandamál með innsæi.
6. Þeir hugsa og skynja í margvíslegum víddum, þ.e. nota öll skynfærin.
7. Þeir geta upplifað hugsun sem raunveruleika.
8. Þeir hafa sterkt ímyndunarafli.

Þessir átta grundvallareiginleikar munu, ef þeir eru ekki bældir, afbakaðir eða eyðilagðir af foreldrum eða kennurum, leiða til tveggja megineinkenna einstaklingsins; meiri greindar en almennt gerist og einstakrar sköpunargáfu. Af þessum eiginleikum þróast hin sanna náðargáfa dyslexíu - hæfileiki til að ná fullkomnun. Þessi fullkomnun getur verið á ýmsum sviðum. Hjá Einstein var það eðlisfræðin en hjá Walt Disney listasviðið.

Ron Davis telur enn fremur að til þess að breyta viðhorfum okkar til dyslexíu verðum við að skilja hvað dyslexía er í raun og veru og hvað veldur henni. Þannig gerum við okkur grein fyrir hinum ýmsu hliðum hennar, jákvæðum sem neikvæðum, og skynjum hvernig hún þróast. Þá virðist hugmyndin að leiðrétta dyslexíu ekki svo óraunhæf. Við munum þá einnig ganga skrefi fram og skilja dyslexíu sem raunverulega náðargáfu. En til að einstaklingur, sem hefur verið greindur með dyslexíu, skilji og læri að meta jákvæðar hliðar hennar þarf að beina athyglinni að neikvæðum hliðum hennar. Það þýðir ekki að jákvæðir þættir komi ekki í ljós fyrr en vandamálið er leyst. Náðargáfan er alltaf til staðar þó hún sé ekki augljós. Satt að segja þá nýta margir fullorðnir jákvæðar hliðar dyslexíu án þess að gera sér grein fyrir því. Þeir telja sig hafa einstakt lag á því að gera eitthvað án þess að gera sér grein fyrir því að sérstakir hæfileikar þeirra eiga rætur að rekja til sömu andlegu starfseminnar sem hindrar þá í lestri, skrift eða stafsetningu.

Algengast er að vandamálin birtist í lestri, skrift og stafsetningu eða stærðfræði, en það eru mörg önnur vandamál. Vandamál hvers einstaklings

eru sérstök, þau koma fram á ólíkan hátt. Til að skilja náðargáfu dyslexíu þurfum við að skoða námserfiðleikana út frá því sjónarhorni að dyslexía sé afleiðing skynjunarhæfileika. Við sumar aðstæður verður hæfileikinn dragbítur (ókostur). Einstaklingurinn gerir sér ekki grein fyrir þessu því hann notar skynjunarhæfileika sína ómeðvitað. Þannig byrjaði hann að skynja umhverfi sitt og það virðist jafn eðlilegt og að anda að sér súrefni.

© Elín Vilhelmsdóttir